

Minnisblað til Conors Skehan vegna úrskurðar um Norðlingaölduveitu

frá

Sigurði Erlingssyni, Kristni Hauki Skarphéðinssyni og Kristínu Svavarsdóttur

Reykjavík 29. janúar 2003

Við undirrituð höfum kynnt okkur drög að úrskurði um Norðlingaölduveitu. Jafnframt höfum við lesið greinargerð Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) “Norðlingaölduveita – forathugun á nýrri tilhögun” dags. 24. janúar 2003. Í greinargerð VST er kynnt ný útfærsla á Norðlingaölduveitu; í stað 28,6 km² miðlunarlóns með 575 m vatnsborði verður myndað 3,3 km² veitulón með 566 m vatnsborði. Þjórsá yrði stífluð við Norðlingaöldu en um 1,5 km neðar í farveginum en gert var ráð fyrir í fyrri tilhögun. Þá er gert ráð fyrir að veita “Litlu-Arnarfellskvísl” og hluta Vesturkvíslar í Þjórsárlón og þaðan um Kvíslaveitur. Tvö lón verða mynduð; um 0,1 km² veitulón við ofanverða “Litlu-Arnarfellskvísl” og um 3,7 km² lón á sama stað og setlón það sem getið er um í úrskurði Skipulagsstofnunar. Síðarnefnda lónið mun gegna tvíþættu hlutverki, þ.e. sem veitulón og setlón til að draga úr aurburði til Norðlingaöldulóns.

Veitulón við Norðlingaöldu

Áhrif á gróður og umhverfi verða að okkar mati fremur lítil og ásættanleg ef gripið verður til viðeigandi mótvægisáðgerða. Eitthvað fok getur orðið úr lónstæði þá daga sem lónið verður tæmt vegna aurskolunar. Erfiðara getur verið í vöndum vatnsárum að stýra rennsli um fossa neðan lóns miðað við fyrri útfærslu.

Veitu- og setlón við Þjórsárvíslaver

Umfang og umhverfisáhrif þessarar framkvæmdar verða nokkru meiri en við það setlón sem gert var ráð fyrir í úrskurði Skipulagsstofnunar. Lónið verður stærra (3,7 km² í stað 2,7 km²). Auk þess verður að jafnaði um 7 m³/sek af vatni veitt til Kvíslaveitu og dregur úr rennsli Þjórsar sem því nemur. Í fyrrgreindri skýrslu VST er gert ráð fyrir að veita að jafnaði um 20% af rennsli Vesturkvíslar um farveginn og mun því ávallt verða eitthvað vatn í honum. Minna rennsli í umræddum farvegi mun hafa einhver áhrif á grunnvatnsstöðu í nálægum gróðurlendum og gæti þar með valdið breytingum á gróðurfari á ótilgreindu beltí meðfram ánni. Í greinargerð VST er talað um nokkra tugi metra og er það raunhæft að okkar mati. Í heild gætu því framkvæmdir við set- og veitulón leitt til eftirtalinna breytinga:

- Um 3,8 km² lands fara undir vatn, þar af er um þriðjungur gróið land.
- Rennsli í farvegi Vesturkvíslar minnkar og grunnvatnsborð breytist næst bakkanum.
- Gróflega áætlað má búast við einhverjum gróðurfarsbreytingum á um það bil 0,5 km² svæði meðfram farvegi Vesturkvíslar.
- Grunnvatnsstaða mun eitthvað hækka kringum Lónið.

Að okkar mati mun framangreind útfærsla draga verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu og á það við um flesta þá þætti sem við fjölluðum um í skýrslu okkar í desember sl. Þó mun, ólíkt fyrri tilhögun, draga nokkuð úr ársrennsli Þjórsár innan friðlandsins í Þjórsárverum og ríkir óvissa um afleidd áhrif þessa.

Sigurður Erlingsson

Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Kristín Svavarsdóttir